

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins 1896.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1895:			
a. Veðskuldabréf einstakra manna	kr. 7618,00		
b. Í landsbankanum	— 1608,31		
c. Ógoldnir vextir	— 6,00		
d. Ógreitt búnaðarskólagjald úr Strandasýslu fyrir 1895	— 48,56		
e. Í peningum	— 52,97	kr. 9333,84	
2. Vextir:			
a. Vextir af skuldabréfum frá 11/6 95 til 11/6 96 af 8218 kr.	kr. 328,72		
b. Vextir ógoldnir frá 11/6 94 til 11/6 95	— 6,00		
c. Dagvextir af endurborguðu láni	— 3,00		
d. Vextir af bankainnlögum 31/12 96	— 42,78	— 380,60	
3. Búnaðarskólagjald 1896:			
a. Strandasýslu	kr. 48,56		
b. Ísafjardarsýsla og Ísafjardarkaupstaður	— 118,22		
c. Barðastrandarsýslu	— 120,98		
d. Dalasýslu	— 115,39		
e. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	— 131,56		
f. Mýrasýslu	— 102,69	— 637,40	
4. Ógreitt búnaðarskólagjald Strandasýslu fyrir 1895.	— 48,56		
5. Endurborgað lán	— 150,00		
6. Til jafnaðar færirst gjaldliður 2.	— 400,00		
7. Sömuleiðis gjaldliður 3.	— 900,00		
		Samtals kr. 11850,30	

Gjöld:

1. Lagt til búnaðarskólans í Ólafsdal samkvæmt ályktun amtsráðsins fyrir skólaárið 1896—97	kr. 944,33
2. Lánað á móti veði	— 400,00
3. Keypt skuldabréf tilheyrandi Eldgosasjóði Suðuramtsins með vöxtum og dagvöxtum að upphæð 900 kr.	— 935,60
4. Til jafnaðar færirst tekjuliður 2. b.	— 6,00
5. Sömuleiðis tekjuliður 4.	— 48,56
6. Sömuleiðis tekjuliður 5.	— 150,00
7. Eptirstöðvar við árslok 1896:	
a. Veðskuldabréf einstakra manna	kr. 8768,00
b. Ógoldnir vextir 11/6 95 til 11/6 96	— 40,00
c. Í landsbankanum	— 351,09
	Flyt kr. 9159,09

	Flyt kr. 9159,09	84
d. Í peningum	— 206,72	9365,81
		<u>Kr. 11850,30</u>

Vesturamtið, Reykjavík 12. jan. 1897.

J. Havsteen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktanir viðvikjandi breyting á stjórnarskránni. — Ráðaneytið hefir borðið upp fyrir hans hátign konunginum þingsályktanir þær um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem sendar voru með þóknanlegu brjefi yðar frá 20. desbr.1895, og samþykktar höfðu verið 1895 af hvorri deild alþingis fyrir sig, og hefir hans hátign eptir allraþegnsamlegustum tillögum mínum úrskurðað, að í allrahæstum boðskap til alþingis, þeim er yður mun sendur með öðru brjefi, dagsettu í dag, skuli fólgið það svar, að umræddar þingsályktanir hafi eigi getað orðið teknar til greina, og að ástæður þær, er fyrir því eru færðar í tillögum ráðaneytisins, hvers vegna þingsályktanirnar eigi hafa orðið teknar til greina, skuli kunngjörðar almenningi á Íslandi á þann hátt, að birtur verði á prenti sá hluti af tillögnum, sem hjer kemur til greina.

85
29. maí

Þessi hluti af áðursögðum allraþegnsamlegustum tillögum er þannig:

»Á reglulegu alþingi 1895 hefir hvor þingdeild fyrir sig samþykkt sva-kallaða þingsályktun um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874, og hefir það mál stöðugt verið til meðferðar á samkomum alþingis á hinum síðari árum. Ályktun efri deildar er þannig:

»Um leið og efri deild alþingis lýsir því yfir, að hún heldur fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, með svo fullri tryggingu, sem komið hefir fram á undanförunum þingum, ályktar hún að skora á stjórnina, að taka þær til greina og sjerstaklega hlutast til um:

1. að löggjafar- og landstjórnarmálefni, er heyra undir hin sjerstöku málefni Íslands, verði eptirleiðis eigi lögð undir atkvæði hins danska ríkisráðs eða borin upp í því;

2. að gjörð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, þannig, að neðri deild alþingis geti ávalt, er ástæða þykir til og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er til þess gefur tilefni, komið fram ábyrgð beinlínis á hendur hjer búsettum, innlendum manni, er mæti á alþingi;

3. að stofnaður verði sjerstakur dómstóll hjer á landi, skipaður innlendum mönnum (landsdómur), er dæmi í málum þeim, er neðri deild alþingis eða konungur lætur höfða gegn hinum æðsta stjórnanda hjer á landi».

Texti þingsályktunar neðri deildar er frábrugðinn þingsályktun efri deildar í þeim tveimur atriðum, að í hinni fyrnefndu er það beint tekið fram, að

1. dag júlímán. 1897.